



Framkvæmda- fréttir

1. tbl. /08



Vegaframkvæmdir í skammdeginu eru varasamar og þá sérstaklega þar sem mikil umferð fer um vegsvæðið. Þá veitir ekki af þéttum merkingum til að leiða ökumenn í gegnum þrengingar og hjáleidir. Þessi mynd var tekin 9. janúar þar sem Ístak hf. vinnur við gatnamót Hafnarfjarðarveggar og Nýbýlavegar. Ekki er hægt að segja annað en að vel sé staðið að öryggismálum á þessu vinnusvæði.

Rannsóknir 2008

Umsóknafrestur um styrki
rennur út að kvöldi 4. febrúar 2008.
Sjá bls. 2



Munið vinnustaða-
merkingarnar

Auglýsingar útboða

Niðurrekstrarstaurar fyrir

Héðinsfjarðará 07-101

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í framleiðslu á 12 m löngum niðurrekstrarstaurum undir brú á Héðinsfjarðará. Flutningur stauranna á verkstað skal vera innfalinn.

Helstu magntölur eru:

Heildarlengd niðurrekstrarstaura	432 m
Heildarfjöldi niðurrekstrarstaura	36 stk.
Flutningur	79 tonn

Lokið skal við að afhenda alla staurana 1. mars 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 14. janúar 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 29. janúar 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 1. tbl. 16. árg. nr. 486 14. jan. 2008

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Rannsóknir 2008

Umsóknafrestur um styrki rennur út að kvöldi 4. febrúar 2008.

Vegagerðin veitir árlega styrki til rannsóknaverkefna, sem fjármagnaðir eru að mestu af svonefndu tilraunafé, en samkvæmt nýjum vegalögum sem tóku gildi þann 1. janúar 2008 er það 1,5% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Helstu þættir í rannsókn- og þróunarstarfi hjá Vegagerðinni koma fram í rannsóknastefnu sem gefin var út haustið 2006, en þeir eru:

- að hafa frumkvæði að rannsókn- og þróunarstarfi sem stuðlar að því að Vegagerðin geti uppfyllt markmið sem sett eru fram á hverjum tíma
- að afla nýrrar þekkingar á sviði vega- og samgöngumála, m.a. með þátttöku í erlendu rannsóknasamstarfi, og að koma innlendri og erlendri þekkingu í hagnýt not
- að stuðla að því að niðurstöður rannsókn- og þróunarstarfs varðandi aðferðir, efnisnotkun og hagkvæmara vinnulag skili sér í staðla og breyttu verklagi, til að auka gæði vegakerfisins og þeirrar þjónustu sem Vegagerðin veitir á hverjum tíma
- að stuðla að því að niðurstöður rannsókn- og þróunarstarfs varðandi umferðaröryggi skili sér í öruggari umferð á þjóðvegum landsins fyrir alla vegfarendur
- að stuðla að því að niðurstöður rannsókn- og þróunarstarfs varðandi umhverfi og samfélag skili sér í góðri sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa
- að stuðla að samvinnu þeirra sem bera ábyrgð á og stunda rannsóknir á þessu sviði
- að veita upplýsingar um þessa starfsemi og niðurstöður rannsókna
- að meta niðurstöður rannsókn- og þróunarstarfsins og nota þær sem grunn fyrir úrbætur

Í rannsóknastefnu Vegagerðarinnar kemur fram að fyrir úthlutun rannsóknafjár, sem fram fer á fyrstu mánuðum hvers árs, kynna þrjár fagnefndir, sem starfa innan Vegagerðarinnar, áherslusvið innan síns flokks fyrir umsjónarmönnum rannsóknastarfsins og kallað verður eftir verkefnahugmyndum í samræmi við það. Ein fagnefnd fjallar um mannvirki, önnur um umferð og hin þriðja um umhverfi og samfélag.

Rétt er að taka fram að einnig er áfram veitt fé til annarra verkefna sem ekki eru innan áherslusviðanna.

Fagnefndirnar hafa gefið út eftirfarandi áherslusvið vegna rannsókna árið 2008:

Mannvirki:

- Lögð er áhersla á rannsóknir tengdar mismunandi slitlagsgerðum og samanburð á þeim varðandi akstursþægindi og öryggi m.t.t. breyttrar stefnumörkunar við val á

slitlagsgerðum. Nýir Evrópustaðlar fyrir bikbundin og óbundin slitlög taka gildi vorið 2008, sem gera ráð fyrir ýmsum nýjum prófunaraðferðum. Skoða þarf þessar prófunaraðferðir og endurskoða kröfur til slitlaga með tilliti til þeirra.

- Lögð er áhersla á rannsóknir tengdar notkun sprengds bergs við uppbyggingu vega. Komið hafa upp vandamál varðandi sléttleika vega sem byggðir eru upp á þennan hátt. Hvers vegna er það og eru lausnir á vandamálinu?
- Auk ofangreindra áhersluatriða mun Vegagerðin láta rita leiðbeiningar um tiltekna verkþætti sem unnið er að í vegagerð.

Umferð:

- Lögð er áhersla á verkefni sem tengjast þjónustu við vegfarendur og upplýsingagjöf til vegfarenda í þeim tilgangi að auka umferðaröryggi.
- Lögð er áhersla á upplýsingaöflun og gagnavinnslu sem leggur grunn að aðgerðum í öryggisátt.
- Auk ofangreindra áhersluatriða leggur fagnefnd um umferð til að megináhersla verði lögð á skrif leiðbeininga varðandi tiltekna umferðaröryggisþætti og mun Vegagerðin láta rita slíkar leiðbeiningar.

Umhverfi og samfélag:

- Lögð er áhersla á að áfram verði unnið að því að fá heildrænt yfirlit fyrir mismunandi valkosti í vegagerð á hálendinu.
- Lögð er áhersla á verkefni sem tengjast vistvænum samgöngum í þéttbýli. Hvað hefur áhrif á ferðavenjur fólks? Hvernig er hugsanlega hægt að breyta ferðavenjum? Geta skipulagsbreytingar haft áhrif í þessa veru?
- Auk þess er lögð áhersla á verkefni sem tengjast vegagerð og gróðurhúsaáhrifum og mun Vegagerðin láta skilgreina og vinna verkefni um hvaða áhrif veðurfarsbreytingar hafa á vegagerð, þ.e. hönnun, viðhald og rekstur vegakerfisins til frambúðar.

Við skilgreiningar rannsóknaverkefna skal í upphafi skilgreina hverjir koma til með að nota niðurstöður úr verkefnunum og gefa þeim tækifæri á að koma að mótun verkefnisins og innleiðingu niðurstaðna ef þurfa þykir.

Umsóknir um styrki og/eða fjármögnun einstakra verkefna fyrir árið 2008 þurfa að berast á tilskildum eyðublöðum í seinasta lagi 4. febrúar næstkomandi. Eyðublöðin má nálgast á heimasíðu Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is) undir „Rannsóknir og þróun / Rannsóknaverkefni“. Fylla þarf eyðublöðin út á netinu. Rannsóknaráð stofnunarinnar sér um úthlutun. Nánari upplýsingar veita Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs (hreinn.haraldsson@vegagerdin.is) og Þórir Ingason forstöðumaður rannsóknadeildar (thorir.ingason@vegagerdin.is).

Héðinsfjarðargöng

Vinna við Héðinsfjarðargöng hófst á ný eftir jólahlé þann 7. janúar. Staðan á myndinni hér að neðan miðast við miðvikudaginn 19. desember þegar verktaki fór í jólafrí.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 19. des. 2007. Búið er að sprengja 3.104 m í Siglufirði og 2.139 m í Ólafsfirði.



Í haust hefur verið unnið að framkvæmdum við Miðfjarðarveg (704) frá Hringvegi að Laugarbakka. Verktaki er Guðmundur Vilhelmsson á Hvammstanga. Verki á að vera lokið 1. júlí. Myndina tók Páll Sigurður Björnsson 9. nóvember 2007.

Niðurstöður útboða

Norðfjarðarvegur (92)

um Hólmaháls 07-088

Tilboð opnuð 18. desember 2007. Nýbygging Norðfjarðarvegur (92) um Hólmaháls á um 5,1 km löngum kafla frá Hólmum í Reyðarfirði að botni Eskifjarðar.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	160.000 m ³
Fylling og fláafleygar	268.000 m ³
Neðra burðarlag	41.000 m ³
Efra burðarlag	10.000 m ³
Stálroraræsi	571 m
Tvöföld klæðing	43.000 m ²
Frágangur fláa	180.000 m ²
Röravegrið	3.800 m
Grjótvörn	850 m ³

Útlögn klæðingar skal að fullu lokið 1. september 2009

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. október 2009.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (bús.kr.)
Klæðing á akbraut			
--- Áætlaður verktakakostnaður			
2 Héraðsverk ehf.	289.698.335	72,9	20.707
1 Suðurverk ehf.	268.991.299	67,7	0
Malbik á akbraut			
--- Áætlaður verktakakostnaður			
2 Héraðsverk ehf.	334.256.435	74,6	11.985
1 Suðurverk ehf.	322.271.199	71,9	0

Pórsmerkurvegur (249),

Gljúfurá – Merkurvegur 07-031


Tilboð opnuð 8. janúar 2008. Endurgerð á 3,9 km löngum kafla Pórsmerkurvegur frá Gljúfurá að vegamótum við Merkurveg. Einnig skal skipta út tveimur einbreiðum brúm og setja röraræsi í staðinn.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	570 m ³
Fláafleygar	2.215 m ³
Neðra burðarlag	6.425 m ³
Efra burðarlag	4.345 m ³
Tvöföld klæðing	26.210 m ²
Ræsalögn	120 m
Girðingar	2,1 km
Frágangur fláa	15.670 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 1. júlí 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (bús.kr.)
9 Jöfnun ehf., Hellu	41.400.750	138,9	16.945
8 Erlendur Guðmundsson, Hvolsvelli	40.983.280	137,5	16.527
7 Fínafl ehf., Mosfellsbæ	32.034.000	107,5	7.578
6 Framrás ehf., Vík	30.674.900	102,9	6.219
--- Áætlaður verktakakostnaður			
5 Mjöllnir vörubílstjórafélag, Selfossi	29.481.800	98,9	5.026
4 Eining sf., Hvolsvelli	28.672.030	96,2	4.216
3 Heflun ehf., Hellu	27.655.750	92,8	3.200
2 Ýtan ehf., Reykjavík	24.965.350	83,8	509
1 Sigurjón Hjartarson	24.456.150	82,1	0



Samtals er búið að sprengja 5.248 m sem er 49,6% af heildarlengd.

Útboðsverk 2007

Hér er birtur listi yfir útboðsverk sem samið var um árið 2007, raðað eftir verktökum í stafrófsröð. Tilboðsupphæð er einnig birt.

Verktaki Verk	Tilboðsupphæð, kr.
Alvarr ehf. kt. 550885-0429, Skiptiholti 68, 105 Reykjavík 07-044 Sundagöng, borun rannsóknarhola.....	19.184.3200
Árni Helgason ehf. kt. 670990-1769, Hlíðarvegi 54, 625 Ólafsfjörður 07-070 Eyjafjarðarbraut vestrí (821), Sandhólar - Nes 07-048 Festun og yfirlögn Norðaustursvæði 2007..... 07-015 Norðausturvegur (85), Presthólar - Kópasker.....	36.147.000 81.364.880 89.405.000
BJ vinnuvélar ehf. kt. 600298-2249 Hálsvegi 4, 680 Þórshöfn 07-083 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2009, Norðausturvegur (85), Raufarhöfn - Fell.....	17.796.061
Borgarverk ehf. kt. 540674-0279 Sólbakka 17-19, 310 Borgarnes 07-013 Vetrarþjónusta, Borgarnes - Hvalfjarðargöng, 2007 - 2010 06-027 Snæfellsnesvegur (54), um Hítará 07-020 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2007 og 2008. Vesturhluti 07-021 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2007 og 2008. Norðurhluti 07-022 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2007	4.330.000 23.574.000 66.250.000 67.675.000 99.710.495
Borgarvirki ehf. kt. 410783-0379 Hjallabrekku 22, 200 Kópavogur 07-030 Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Skiptiholt - Foss	116.894.810
Eyjólfur Sigurðsson kt. 270156-5419 Skálanesgötu 4, 690 Vopnafjörður 07-052 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007 - 2010, Bakkafjörður - Vopnafjörður.....	10.868.000
Fossvélar ehf. kt. 531271-0179 Hrísmýri 4, 800 Selfoss 07-025 Efnisvinnsla Suðursvæði 2007.....	36.616.000
Framrás ehf. kt. 591289-0559 Smiðjuvegi 17, 870 Vík 07-002 Hringvegur (1), varnargarður austan Múlavíslar 07-028 Meðallandsvegur (204), Grenlækur - Fossar.....	10.418.000 14.548.050
Goðatún ehf. kt. 500707-1430 Hjallabraut 19, 220 Hafnarfjörður 07-075 Göngubrú á Hítará, smíði stáls	3.527.055
Guðmundur Vilhelmsson kt. 010355-5919 Fífusundi 12, 530 Hvammstangi 07-008 Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakki - Hringvegur.....	13.395.240
Haki ehf. kt. 410363-0119 Píljuvöllum 10, 740 Neskaupstaður Vöggur ehf. kt. 531097-2549 Iðnaðarhverfi 11, 750 Fáskrúðsfjörður 07-081 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Norðfjarðarvegur	30.584.100
Heflun ehf. kt. 500402-2880 Lyngholti, Ásahreppi, 851 Hella 07-029 Vetrarþjónusta Vestur Skaftafellssýslu, 2007 - 2012, vesturhluti.....	3.860.000
Héraðsverk ehf. kt. 680388-1489 Lyngási 5-7, 700 Egilsstaðir 07-036 Hringvegur (1), um Blönduhlíð í Skagafirði, varnargarðar 06-026 Skagafjarðarvegur (752), Héraðsdalsvegur - Svartá 06-074 Hringvegur (1), varnargarðar vestan Skeiðarár 07-018 Hringvegur (1), Þvottár- og Hvalnesskriður 05-047 Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólfsstaðir 2 06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	8.734.000 43.951.537 52.927.465 74.753.044 246.968.453 682.530.166
Ingileifur Jónsson ehf. kt. 611298-2939 Funahófa 6, 110 Reykjavík 06-028 Reykjanesbraut (41), Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvogur.....	661.869.300
Ístak hf. kt. 540671-0959 Engjateigi 7, 105 Reykjavík 07-056 Hringvegur (1), hringtorg við Þingvallaveg 07-064 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbylaveg	89.449.475 494.594.564
Jón Ingi Hinriksson kt. 230763-3569 Bergholti, 660 Mývatn 07-073 Vetrarþjónusta á Hringvegi (1), Aðaldalsvegur (845) - Biskupsháls, 2007 - 2010.....	10.242.000
Jörvi ehf. kt. 550978-0329 Hvanneyri, 311 Borgarnes 07-007 Hvanneyrarvegur (511), hringtorg	16.200.000

Verktaki Verk	Tilboðsupphæð, kr.
KNH ehf. kt. 710795-2239 Grænagarði, 400 Ísafjörður 07-057 Vetrarþjónusta Reykjanes - Bolungarvík, 2007 - 2010... 06-073 Drangsnæsvogur (645), Strandavegur - Reykjanes 07-087 Vestfjarðavegur (60), Hofstaðavegur - Þorskaftarvegur 07-006 Djúpvogur (61), Eyri - Svansvík 07-005 Hringvegur (1), Grafarkot - Hraunsnaf.....	12.626.600 59.767.500 77.667.000 207.877.855 211.861.000
KNH ehf. kt. 710795-2239 Grænagarði, 400 Ísafjörður Vestfirskir verktakar ehf. kt. 501003-2710 Skeiði, 400 Ísafjörður 06-024 Djúpvogur (61), Reykjanes - Hörtná	1.017.577.810
Klæðning ehf. kt. 440786-1389 Reykjavíkurvegi 68, 220 Hafnarfjörður 07-047 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2007, norðurhluti, Klæðing	35.000.000
Loftorka Reykjavík ehf. kt. 571285-0459 Miðhrauni 10, 210 Hafnarfjörður 07-041 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2007, repave..... 07-042 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2007, malbik	86.216.400 138.615.500
Malarvinnslan hf. kt. 550280-0199 Miðási 37, 700 Egilsstaðir 07-046 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2007, Austurhluti, Klæðing	43.227.293
Malbikun K-M ehf. kt. 690598-2059 07-049 Vetrarþjónusta á Hringvegi (1) um Öxnadalshéiði 2007-2010..... 07-069 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2007, malbik við Akureyri	16.960.000 34.998.000
Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. kt. 420187-1499 Markhelli 1, 221 Hafnarfjörður 07-033 Yfirlagnir Suðursvæði 2007, malbik	36.655.000
Mikael ehf. kt. 620997-3079 Norðurbraut 7, 780 Höfn 07-003 Biskupstungnabraut (35), brú á Brúará.....	71.530.800
Mjólnir, vörubílstjórastjórn kt. 470269-2869 Hrísmýri 1, 800 Selfoss 07-024 Gaulverjabæjarvegur (33), Félagslundur - Skipar.....	61.778.950
Myllan ehf. kt. 460494-2309 Miðási 12, 700 Egilsstaðir 06-072 Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá..... 06-005 Hringvegur (1), Haugaá - Vatnsdalsá 07-043 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2007 - 2008, austurhluti.....	34.698.910 42.592.200 81.642.000
Ólafur Halldórsson kt. 070451-3449 Tjörn 1, 781 Höfn 07-077 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hringvegur (1) Höfn-Öraefi	5.052.500
Rósaberg ehf. kt. 620601-2330 Háhöll, 781 Höfn 07-032 Vetrarþjónusta Vestur Skaftafellssýslu, 2007 - 2012, austurhluti 07-058 Bakkavörn við Ása-Eldvatn.....	3.884.400 4.045.000
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. kt. 410693-2169 Gagnheiði 35, 800 Selfoss 07-027 Hringvegur (1), um Selfoss, breikkun hringtorgs 07-071 Yfirlagnir á Suðursvæði 2007 - 2008, klæðing 07-061 Norðfjarðargöng og Óshlíðargöng, borun rannsóknarhola	29.930.200 88.825.000 68.628.200
Sel sf. kt. 610892-2059 Röndinni 7, 670 Kópasker 07-082 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2009, Norðausturvegur (85), Lón - Raufarhöfn	14.035.120
S.G. vélar ehf. kt. 411092-2599 Mörk 6, 765 Djúpvogur 07-096 Vetrarþjónusta Hringvegur, Djúpvogur - Höfn 2007-2010..... 07-079 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hringvegur (1), Breiðdalsvík - Djúpvogur, Axarvegur 07-066 Hringvegur (1), um Staðará	4.876.010 4.966.800 12.603.900
Skagfirskir verktakar ehf. kt. 660106-0490 Aðalgötu 21, 550 Sauðárkrúkur 06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn.....	163.249.550
Stafnafell ehf. kt. 490300-2360 Kálfárvöllum, 356 Snæfellsbær 06-030 Útnesvegur (574), Háahraun - Saxhóll	176.327.300

Verktaki Verk	Tilboðsupphæð, kr.
Steingrímur Ingvarsson. kt. 210251-3839 Littlu-Giljá, 541 Blönduós 06-023 Blöndudalsvegur (733), Svínvetningabraut - Blöndudalshólar	4.731.000
Suðurverk hf. kt. 520885-0219 Drangahrauni 7, 220 Hafnarfjörður 07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bungulfói	287.035.100
Vegamál ehf. kt. 670489-1169 Sættúni 4, 105 Reykjavík 07-059 Yfirborðsmerkingar, vegmálun, 2007-2009	37.518.200
Vinnuvélar Reynis ehf. kt. 670405-1090 Brekku Aðaladal, 641 Húsavík 07-074 Vetrarþjónusta á Hringvegi (1), Norðausturvegi (85) og Aðaldalsvegi (845) frá Krossi til Húsavíkur, 2007-2010	11.460.800
07-072 Vetrarþjónusta á Norðausturvegi (85) á Tjörnesi og Kísilvegi (87), 2007-2010	13.115.000
VSÓ - Ráðgjöf ehf. kt. 681272-0979 Borgartúni 20, 105 Reykjavík 07-065 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, eftirlit.	12.980.000
P.S. Verktakar ehf. kt. 410200-3250 Miðási 8, 700 Egilsstaðir 07-053 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010. Hérað	21.465.600
07-014 Hringvegur (1), ofan Þakeyrar í Hamarsfirði	23.895.244
Þjótandi ehf. kt. 500901-2410 Ægissíðu 2, 851 Hella 07-023 Hringvegur (1), um Hellu - 1. áfangi	30.326.750
Próttur ehf. kt. 420369-3879 Ósi 3, 301 Akranes 06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	35.889.500
07-001 Akranesvegur (509), Esjubraut - Kalmansbraut	244.800.000

Grímseyjarferja, síðustu verkþættir

Opnuð voru tilboð í lokaendurbætur á nýrri Grímseyjarferju í húsakynnum Vegagerðarinnar föstudaginn 4. janúar. Um var að ræða óformlegt lokað útboð eða verðkönnun.

Fjórar stöðvar hér á landi sem geta tekið ferjuna í slipp áttu kost á að gera tilboð og barst tilboð frá þeim öllum. Lægsta tilboðið átti Slippurinn Akureyri en aðrir buðu herra.

Tilboðin:

Stálsmiðjan	26.995.100,- kr
Vélsmiðja Orms og Víglundar	22.881.610,- kr
Skipasmiðastöð Njarðvíkur	22.404.000,- kr
Slippurinn Akureyri	12.966.300,- kr

Um er að ræða nokkra verkþættir svo sem að smíða dyr á stjórnborðssíðu sem verður aðalinnangangur í ferjuna og gerir hreyfihömluðu auðveldara um vik. Samskonar dyr verða settar á bakborðshliðina og verður það neyðarútgangur. Þá verður skipt út um 22 fermetrum af stáli á byrðingi skipsins sem auðveldar og bætir klössun skipsins. Komið verður fyrir kælingu í efri flutningalestinni vegna fiskflutninga, og salernum verður breytt þannig að þau nýtist hreyfihömluðum á betri hátt en ella, auk nokkurra fleiri smærri verka.

Þriðjudaginn 8. janúar var skrifað undir verksamning við Slippinn Akureyri. Reiknað er með að vinna hefjist á Akureyri 15. janúar og að skipinu verði siglt norður föstudaginn 11. janúar. Miðað er við að vinna verkið á þremur vikum. Fljótlega að því loknu ætti hinn nýi Sæfari að geta hafið reglulegar siglingar milli Grímseyjar og Dalvíkur.



Grímseyjarferja í Hafnarfjarðarhöfn fyrir reynslusiglingu 13. desember 2007.

Greið umferð – örugg umferð

Um mislæg gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar

Þessi grein hefur áður birst í Morgunblaðinu og á www.vegagerdin.is. Hér er hún birt með nánari skýringum og stórum myndum til frekari glöggvunar.

Það eru til einfaldar lausnir til að leysa vanda í umferðinni og það eru til flóknar lausnir. Yfirleitt vita menn hvar vanda-málin eru en sjá ekki alltaf lausnirnar í hendi sér.

Eitt vandamál í Reykjavík er tiltölulega auðvelt að leysa en það er stíflan sem myndast við gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar.

Sjónarmið greiðrar umferðar og jafnvel sjónarmið örugg-
rar umferðar er samt ekki það eina sem taka þarf tillit til. Í auknum mæli er nauðsynlegt að taka tillit til náttúrunnar og ekki síður íbúanna. Í fljótu bragði virðist það auðvelt í þessu tilviki.

Niðurstöður útboða

Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg 07-037

Tilboð opnuð 18. desember 2007. Gerð mislægra gatna-
móta á Reykjanesbraut (41) við Arnarnesveg.
Gera skal hringtorg og mislægum gatnamótum á mótum
Reykjanesbrautar og Arnarnesveg. Hluti hringtorgsins
er gerð tveggja brúa yfir Reykjanesbraut og skal verktaki
byggja báðar brýrnar og gera ein undirgöng fyrir gangandi
umferð undir Arnarnesveg vestan gatnamótanna.
Leggja skal nýjan veg milli núverandi hringtorgs á
Nónhæð og nýja torgsins, gera fjórar af/fráreinar milli
Reykjanesbrautar og nýja torgsins auk lagfæringa á
Reykjanesbraut. Einnig skal leggja gangstíga ásamt
nauðsynlegri landmótun til að ljúka verkinu.
Helstu magntölur eru:

Skering í laus jarðlög	76.000 m ³
Bergskering	5.000 m ³
Fyllingarefni úr námum	61.500 m ³
Neðra burðarlag	11.300 m ³
Efra burðarlag	2.700 m ³
Regnvatnsræsi	1.600 m
Tvöfalt malbik	14.000 m ²
Kantsteinn	4.750 m
Mótafletir	4.635 m ²
Steypustyrktarstál	232.200 kg
Steinsteypa	2.135 m ³
Stálvirki	22.000 kg
Eftirspennt járnalögn	55.000 kg
Stálbogagöng	30 m

Verkinu öllu skal að fullu lokið 10. júlí 2009.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (bús.kr.)
6	Heimir og Þorgeir hf. og Sveinbjörn Sigurðsson ehf.	789.330.490	113,1	120.380
5	Háfell ehf. og Ris ehf.	777.466.013	111,4	108.515
4	Ístak hf.,	766.656.435	109,9	97.705
3	Eykt ehf.,	760.435.283	109,0	91.484
2	Glaumur ehf., Árni Helgason o.fl.	750.000.000	107,5	81.049
---	Áætlaður verktakakostnaður	697.800.000	100,0	28.849
1	Suðurverk hf. og Skrauta ehf.	668.950.970	95,9	0

Lagðar hafa verið fram tvær tillögur um mislæg gatnamót
á mótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar. Hvorug felur í
sér mikið inngrip í náttúruna. Önnur kallar á lítillaga tilfærslu
kvíslar í Elliðaánum, hin takmarkar eilítið útsýni til Esjunnar
frá nokkrum húsum. Lausnirnar má sjá á meðfylgjandi mynd-
um.

Báðar lausnirnar fela í sér alla umferðarstrauma sem nú eru
opnir á þessum gatnamótum með ljósastýringu fyrir utan
vinstri beygju af Bústaðavegi inn á Breiðholtsbraut í norður.
Ökumenn á þeirri leið verða að aka í suður og upp á mislæg
gatnamót við Stekkjarbakka og snúa þar við.

Vegagerðin telur nauðsynlegt að bæta flæði umferðar á þess-
um gatnamótum með mislægum gatnamótum. Það minnkar
ekki einungis ferðatíma innan borgarinnar heldur eykur einnig
umferðaröryggi.

Þá má benda á að með því að minnka biðtíma við ljós dregur
úr útblæstri frá bifreiðum og þar með mengun. Einnig má líta
á það sem ljósan punkt við þá leið að byggja undirgöng og
færa kvísl Elliðaána að þá færast um leið göngustígurinn fjær
mestu umferðinni. Það yrði til bóta fyrir göngufólk.

Kostir þessara lausna er bætt og greiðari umferð, aukið
umferðaröryggi og minni mengun. Ókostur þess að byggja þó
þessa nettu brú er sjónmengun sem takmarkar lítillaga útsýni
til Esjunnar. Undirgöngin leiða ekki af sér sjónmengun en þá
er nauðsynlegt að færa Elliðaárkvíslina. Það hefur þó það í för
með sér að um leið færast göngustígurinn austur fyrir kvíslina
fjær umferðinni.

Hafravatnsvegur (431), gatnamót við Krikahverfi 07-097

Tilboð opnuð 11. desember 2007. Gerð hringtorgs á
Hafravatnsvegi við Krikahverfi í Mosfellsbæ, á mótis við
Jónsteig og Stórakrika. Gera skal undirgöng úr báruplötum
undir Hafravatnsveg. Einnig skal gera stoðvegg við
gangaenda, göngustíga ásamt tröppum, lýsingu, grjót-
hleðslu, landmótun, ýmsa lagnavinnu og frágang um-
hverfis. Gera skal útskot fyrir strætisvagna við Hafra-
vatnsveg. Gera þarf bráðabirgðaveg sem tengir saman
Víðiteig og Völuteig til notkunar meðan á framkvæmdum
stendur.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	29.000 m ³
Fyllingar	27.000 m ³
Burðarlög	5.100 m ³
Malbik	4.500 m ²
Stálbogagöng	20 m

Verkinu skal að fullu lokið 1. júní 2008.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (bús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	148.000.000	100,0	28.032
5	Verktakar Magni ehf., Kópavogi	145.292.040	98,2	25.324
4	Heimir og Þorgeir ehf. Reykjavík	137.653.440	93,0	17.685
3	Ístak hf., Reykjavík	137.085.351	92,6	17.117
2	Nettur ehf., Reykjavík	124.823.000	84,3	4.855
1	Ásberg ehf., Mosfellsbæ	119.968.380	81,1	0

Hægt er að koma með nýjar útfærslur á þessum tveimur lausnum sem minnka enn ókosti þeirra en hvort sem það verður gert eða ekki þá eru ókostirnir hverfandi miðað við

greiðari og öruggari umferð og því nauðsynlegt að taka afstöðu til lausnanna.

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar



Breiðholtsbraut - Bústaðavegur. Möguleg mislæg gatnamót með undirgöngum. Mynd: Línuhönnun - Onno



Breiðholtsbraut - Bústaðavegur. Möguleg mislæg gatnamót með brú. Mynd: Línuhönnun - Onno

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður	08
08-011 Kísilvegur (87) á Hólasandi	08
08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka	08
08-009 Hófaskarðsleið, Raufarhafnartenging	08
08-008 Hringvegur (1), breikkun í Öxnadal	08
08-007 Illugastaðavegur (833), slitlagsendi - Illugastaðir	08
08-006 Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Unaós	08
08-005 Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá	08
08-004 Dagverðareyrvæðing (816), Hringvegur - Skjaldarvík	08
08-003 Knarrarbergsvæðing (8490), Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur	08
08-002 Hörgárdalsvegur (815), Skriða - Björg	08
08-001 Hringvegur (1), brú á Rangá hjá Flúðum	08
07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	08
07-091 Auðsholtvegur (340), um Syðra Langholt	08
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Herðisarvík - Þorlákshafnarvegur	08
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	08
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	08
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	08
07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur	08
07-086 Strandavegur (643), Djúpvegur - Drangnesvegur	08
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	08
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - Norðurbotn	08
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur	08
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	08
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	08

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
07-101 Niðurrekstrarstaurar fyrir Héðinsfjarðará	26.11.07	15.01.08
07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit	03.12.07	15.01.08
07-085 Óshlíðargöng, eftirlit	26.11.07	15.01.08

Forvali lokið	Forval opnað:	Opnað:
07-062 Óshlíðargöng	07.08.07	22.01.08

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
07-031 Þórsmurkurvegur (249), Gljúfurá - Merkurvegur	10.12.07	08.01.07
07-088 Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	03.12.07	18.12.07
07-097 Hafravatnsvegur (431), gatnamót við Krikkahverfi	26.11.07	11.12.07

Útboð á samningaborði, framh.	Auglýst:	Opnað:
06-031 Hringvegur (1), gatnamót við Borgarbraut	26.11.07	18.12.07
07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg	05.11.07	18.12.07
07-063 Upphéraðsvegur, Setberg - Ormarsstaðá	05.11.07	20.11.07

Samningum lokið	Opnað:	Samíð:
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói Suðurverk hf.	13.11.07	20.12.07
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn Skagfirskir verktakar	13.11.07	12.12.07
07-080 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Suðurfjarðavegur (96) Vöggur ehf., Fáskrúðsfirði	14.08.07	04.01.08
07-053 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað P.S. verktakar ehf., Egilsstöðum	31.07.07	06.12.07

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1), gatnamót við Borgarbraut

06-031
Tilboð opnuð 18. desember 2007. Gerð nýrra gatnamóta Hringvegur og Borgarbrautar í Borgarnesi. Útboðskaflinn er um 400 m, 100 m á Hringvegi og 300 m á Borgarbraut, auk um 100 m af hjáleið. Hluti verksins er gerð nýrrar fráveitulagnar og endurnýjun hita- og vatnslagna fyrir Orkuveitu Reykjavíkur á þessu svæði.

Helstu magnþölur eru:

Rif slitlags götu og gangstétta	3.000 m ²
Bergskeringar.	700 m ³
Ónothæfu efni jafnað á losunarstað	4.000 m ³
Fylling.	2000 m ³
Ofanvatnsræsi	75 m
Burðarlag	2.600 m ³
Malbik.	7.600 m ²
Malbikaðir gangstígar.	500 m ²
Kantsteinar.	1.400 m
Ljósastaurar	20 stk.
Þökulögn	1.000 m ²
Gröftur og fylling lagnaskurða	950 m
Lagning vatnsröra, ø75-225 PE.	500 m
Lagning hitaveituröra, DN20-250.	800 m
Lagning fráveitupípna	285 m
Steypt gangstétt.	280 m ²

Fyrsta áfanga verksins skal lokið 15. apríl 2008. Verkinu skal vera að fullu lokið 1. júlí 2008.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3	Próttur ehf.	109.332.500	119,7	15.824
2	JBH vélar, Tryggvi Sæmundsson, Heyfang sf.	107.251.352	117,4	13.743
1	Borgarverk ehf.	93.508.000	102,4	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	91.340.215	100,0	-2.168